

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 27. júní 2018

2018060022/42-0

TB  
tb

### Aðflugsbúnaður fyrir Akureyrarflugvöll, matsskylda

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 13. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort og á hvaða forsendum framkvæmd við gerð aðflugsbúnaðar fyrir Akureyrarflugvöll skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir tilkynningu/greinargerð ISAVIA til ákvörðunar um matsskyldu aðflugsbúnaðar fyrir norðurenda flugbrautar Akureyrarflugvallar. Stofnunin telur að framkvæmdinni og líklegum áhrifum hennar sé almennt vel lýst í greinargerðinni. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi aðalskipulag og að mestu í samræmi við gildandi deiliskipulag sbr. kafla 3.3.3. Framkvæmdasvæðin eru innan núverandi áhrifasvæðis Akureyrarflugvallar. Gerð er grein fyrir því hvaðan efni í fyllingar verðu fengið en ekki er gert ráð fyrir að opna nýjar námur. Sömuleiðis er gerð er grein fyrir landslagi og ásýnd og áhrifum á leirur og fuglalíf á framkvæmdasvæðunum og einnig gerð grein fyrir þeiri vöktun og könnunum á fuglalífi sem hefur farið fram. Vitnað er í talningarnar 2000 og 2010 og bent á að hugsanlega verði áhrif á fuglalíf við flugvöllinn að norðanverðu og má þar nefna t.d. stormmáf og æðarfugl. Samkvæmt nýjum upplýsingum hefur báðum þessum tegundum fækkað verulega við flugvöllinn, æðarfugl nánast horfinn meðfram brautinni og stormmáf hefur fækkað umtalsvert, 35 pör 2010, 14 pör 2015. Stuggað er við fuglum á svæðinu af starfsmönnum flugvallarins. Náttúrufræðistofnun telur ólíklegt að uppfylling við norðurenda hafi mikil áhrif á varpfugla, en öll uppfylling á Leirunni hefur staðbundin áhrif á fæðusvæði vaðfugla. Á framkvæmdasvæði við suðurendann er fuglalíf ekki mikið og því ólíkleg að framkvæmdin hafi mikil áhrif. Votlendi fyrir fugla raskast mjög lítið. Náttúrufræðistofnun telur að viðhalda eigi reglubundinni vöktun á fuglalífi við flugvöllinn.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er framkvæmdinni lýst nægjanlega vel, áhrif verða staðbundin og frekar lítil og innan núverandi áhrifasvæðis flugvallarins. Að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum telur Náttúrufræðistofnun ekki ástæðu til að framangreind framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

*Trausti Baldursson*

Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeilda

